

Skólaráðsfundur 12.jan 2012 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:10

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Sólveig Jensdóttir fulltrúi starfsmanna, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins og Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara,

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kynning á nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins (sjá viðhengi)

JM fór yfir reglugerðina sem skerpir og tekur verulega á skyldum aðila og ábyrgð hvers og eins.

Skólaráð á skv. þessari reglugerð að koma að gerð skólareglna. Ráðinu líst best á að aðkoma þeirra yrði fyrst og fremst þannig að ráðið fengi punkta frá skólanum sem þau myndu fara yfir og gefa endurgjöf. Fá einnig álit nemanda og jafnvel foreldrafélagsins.

2. Spurningar umboðsmanns barna um Skólaráð

5. Eiga nemendur fulltrúa í skólaráði? Ef ekki, af hverju?

Já, þeir eiga 2 fulltrúa en þeir mæta misjafnlega á fundi.

6. Hafa kennarar eða starfsfólk valið nemendur í skólaráð? Ef svo er, af hverju?

Nei, nemendur velja sjálfir innan síns hóps úr hópi þeirra sem sitja í nemendaráði.

7. Sitja fulltrúar nemenda alla fundi skólaráðs? Ef ekki, af hverju?

Þeir eru boðaðir á alla fundi en mæta frekar illa.

8. Nefnið dæmi um erindi sem fulltrúar nemenda hafa borið upp í skólaráði og gerið í stuttu máli grein fyrir afgreiðslu þeirra.

Þeir hafa ekki borið neitt má l upp en tekið þátt í afgreiðslu nokkurra sem snýr að þeim s.s. árshátíð o.þ.h.

9. Eru fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á vef skólans?

Já

10. Hvað fundar skólaráðið of á einu skólaráði?

Fundir hafa verið 7-9 sinnum á ári.

11. Fundar skólaráðið með stjórn nemendafélagsins? Ef svo er, hversu of á ári er það?

Svona fundir hafa ekki verið haldnir fyrri ár en ráðið er mjög opið fyrir þessum sameiginlega fundi í vetur.

12. Heldur skólaráð opinn fund um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins? Ef svo er, hvaða málefni eru tekin fyrir á slíkum fundi/fundum?

Þetta hefur ekki verið gert en ráðinu finnst mjög áhugavert að gera þetta og meðlimir ráðsins beðnir að íhuga hvaða málefni gætu farið inn á svona fund.

3. Fjárhagsáætlun 2012

Skjalið er haft með samanburði við árið 2011 að beiðni ráðsins frá því fyrr í vetur. Hækkun um 28 millj. á milli ára.

Farið yfir hverja deild fyrir sig.

Deild 16 – leikskóli hækkun um 2,5 millj. á milli ára.

Deild 25 – grunnskóli hækkun um 26 millj. á milli ára.

Deild 30 – frístund lækkun um 0,5 millj. á milli ára.

Einstaka liðir áætlunar ræddir. Pétur lýsti áhyggjum sínum yfir því að kostnaður pr. nem. færi lækkandi miðað við það að 30 fleiri nem. komi inn í skólann næsta haust heldur en útskrifast.

4. Forfallakennsla í skólum, bréf ráðuneytis

Ljóst að skólinn er ekki að leysa öll þau forföll sem upp koma og hefur ekki fjárráð til þess.

Bæði fræðsluráð og bæjarráð er miðvitað um þetta. Öll forföll leyst í 1.-4. bekk, a.m.k. til hádegis á miðstigi en lengur ef aðrir tímar t.d. sérgreinar liggja að þeim tímum, ekkert leyst á elsta stigi nema um lengri fjarveru kennara er að ræða.

5. Foreldravika

Foreldrafélagið hefur stungið upp á dagsetningunni 5.-8. mars. Ekki hefur verið ákveðið neitt þema í þessari viku en félagið ætlar að ræða um það hvaða málefni þau myndu vilja að væri þema. Að öðru leyti er hugsað að sama form verði á vikunni og fyrri ár.

Þessar dagsetningar samþykktar að hálfu skólaráðs.

Skólaráð stingur upp á því að bekkjarfulltrúar verði virkjaðir til að fá foreldra nemenda á mið- og elsta stigi til að mæta sérstaklega en mæting á þessum stigum og þá sérstaklega á elsta stig hafa verið frekar daprar.

6. Önnur mál

-Setja frétt í næsta Lágafellspóst þar sem bílstjórar eru beðnir um að keyra ekki inn á skólalóðina þó svo að veður sé vont heldur nota bílastæðin og koma inn og ná í börnin. Einnig að virða stæði fatlaðra.

-JM ræddi um sýningu/auglýsingu töframanns sem vill halda sýningu í skólanum og í kjölfarið fá að auglýsa námskeiðið sitt sem veður síðar í mánuðnum og kostar 18.000-

Þetta fer ekki saman við samþykkt ráðsins um heimsóknir og kynningar á skólatíma og skólaráðið leggur því til að Tómskundaskólinn sjái frekar sjálfir um sýninguna seinnipartinn í sal skólans þar sem nemendur og foreldrar geta mætt saman á.

Næsti fundur 9.feb. kl. 15.

Fundi slitið kl. 17:40

Fundarritari Ásta Steina.